

**Ed.** **318. Breytingartillögur** **[24. mál]**

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1987.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (EKJ, JK, VI, EgJ).

1. 5. gr. orðist svo:

Heimilt er að taka lán vegna framkvæmda og skuldbreytingar hitaveitna sem hér segir:

1. Hitaveita Hveragerðis, lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 45 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Hitaveita Siglufjarðar, lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 12 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Hitaveita Egilsstaða og Fella, lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 9 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
4. Hitaveita Eyra, lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 3 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
5. Aðrar hitaveitur, lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 281 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

2. Á eftir 10. gr. komi ný grein er orðist svo:

Útflutningslánaþjófur er heimilt að taka lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 40 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Við 13. gr. sem verður 14. gr. Í stað „3.–12. gr.“ komi: 3.–13. gr.
4. Við 29. gr., sem verður 30. gr., bætist ný mgr., sem verður 2. mgr., er orðist svo:

Nýti fjármálaráðherra lántökuheimildir laga þessara að hluta til töku skammtímalána og/eða veltímalána er honum heimilt að nýta sömu heimildir til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltímaláns og/eða skammtímaláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánsamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánsamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.
5. Á eftir 29. gr., sem verður 30. gr., komi ný grein sem verður 31. gr., og orðist svo:

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að stofna til skulda- eða vaxtaskipta þar sem mótaðili ríkissjóðs í slíkum viðskiptum tekur á sig gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála í lánnum sem ríkissjóður tekur eða hefur tekið með heimild í þessum eða öðrum lögum. Ríkissjóður tekur á sig samsvarandi gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála mótaðilans í hverjum slíkum skulda- og/eða vaxtaskiptum.

Enn fremur er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að samþykkja slík skulda- og/eða vaxtaskipti lána sem tryggð eru með sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs enda séu að mati fjármálaráðherra nægar tryggingar fyrir ábyrgð ríkissjóðs þegar til slíkra samninga er stofnað.
6. Á eftir 30. gr., sem verður 32. gr., komi fjórar nýjar greinar sem verða 33.–36. gr. og orðist svo:
  - a. Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast lán með sjálfskuldarábyrgð að fjárhæð allt að 600 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt vegna sölu fjögurra fiskiskipa (raðsmíðaðra skipa) sem hafa verið í smíðum innanlands á árunum 1982–1986. Skip þessi mega vera allt að 42,4 metra löng og með vélarafl allt að 1000 hestöflum.

Ríkissjóði er jafnframt heimilt að yfirtaka hluta fjármagnskostnaðar af lánnum sem skipasmíðastöðvar hafa tekið með ríkisábyrgð vegna smíða skipanna til að greiða fyrir sölu þeirra.

Ráðherra ákveður nánar um framkvæmd lagagreinar þessarar með reglugerð.
- b. Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast lán, með sjálfskuldarábyrgð að fjárhæð allt að 160 000 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, sem tekin verða vegna togarans Merkúrs.
- c. Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast lán Stálvíkur hf. með sjálfskuldarábyrgð að fjárhæð allt að 20 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
- d. Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð innlent lán að fjárhæð allt að 100 000 þús. kr. til skuldbreytingar hjá Lánaþjófur sveitarfélaga.